



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 10. febrúar 2026
2508895/502.10 IA

Efni: Beiðni um heimild til sölu íbúðar 205-8698 í Ástúni 14

Fyrir hönd Húsnæðisnefndar Kópavogs óskar undirritaður eftir heimild bæjarstjórnar til að ganga frá sölu á ofangreindri íbúð og undirrita öll skjöl sem, sölunni tengjast.

Á fundi bæjarráðs þann 21. ágúst sl. var undirrituðum veitt heimild til að selja fjórar íbúðir, gengið hefur verið frá sölu á þremur þeirra og er nú verið að ganga frá sölu á þeirri síðustu. Eftir hefðbundið sölufurli var meðfylgjandi gagntilboð samþykkt með fyrirvara (sjá afrit af kautilboðum).

Tilboðsverð fyrir íbúðina er 49,0 m.kr. (ásett 49,9 m.kr.), en gerður fyrirvari varðandi framkvæmdir sem eru í gangi í húsinu. Verið er að vinna umfangsmikið viðhald á húsinu og gerir kaupandi þann fyrirvara að hafi verklok ekki átt sér stað við afsal, þá fái hann afslátt sem nemur áætlaðri hlutdeild íbúðarinnar í viðhaldskostnaði, en hann tæki þá við framkvæmdunum og kostnaði við þær. Tilboðsverð í framkvæmdirnar var tæplega 100 m.kr. og er hlutdeild íbúðarinnar um 4,29% af eigninni og þá væntanlega af viðgerðunum. Venjulegast eru svona tilboð háð verðbreytingum sem og að ekki er ólíklegt að upp kunni að koma aukaverk sem bætist við kostnaðinn.

Er því óskað eftir að bæjarráð/bæjarstjórn veiti undirrituðum heimild til að fullgilda kaupsamning vegna sölu þessara íbúða og við fullnaðaruppgjör, afsal vegna þeirra.

Á árinu 2025 er félagslegum íbúðum, að meðtöldum íbúðum við Kleifakór að fjölga um 15 og með ofangreindri íbúð hafa sjö íbúðir seldar á frá ársbyrjun 2025 til febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Deildarstjóri greiningardeildar

